

skulu þeir ganga fyrir til þeirrar stöðu, sem alizt hafa upp á stofnuninni og því næst þeir, sem komnir eru af foreldrum Sesselju, þeim Sigmundi Sveinssyni og Kristínu Simonardóttur.

8. gr.

Þegar Sesselja H. Sigmundsdóttir lætur af forstöðu stofnunarinnar, tekur barnaheimilisnefndin stjórn stofnunarinnar í sínar hendur og kys eða lætur kjósa þriggja manna stjórn fyrir stofnunina þannig: Sjálf kys nefndin — eða prestastefna Íslands, ef engin slík nefnd er til — tvo menn í stjórnina og einn til vara, en fær barnaverndarráð Íslands til að kjósa einn mann og einn varamann, og skulu þeir kosnir til þriggja ára í senn, en endurkjósa má þá, ef þeir vilja taka starfið að sér. Stjórn þessi hefur öll yfirráð yfir stofnuninni, að því leyti, sem hún kys ekki að fela þau forstöðumanni stofnunarinnar. Stjórnin setur starfsreglur fyrir stofnunina í samráði við forstöðumann hennar. Skulu þær, eftir því sem við á, vera sniðnar eftir reglum þeim, sem Sesselja Sigmundsdóttir kann að hafa sett heimilinu eftir sinn dag.

9. gr.

Stofnunin og jörðin, sem heimilið stendur á, skal framvegis heita „Sólheimar“, þegar fengin er til þess heimild hjá Stjórnarráði Íslands.

10. gr.

Verði stofnunin lögð niður skal eignum hennar varið í þágu vangefinna.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari verður því aðeins breytt, að Sesselja Sigmundsdóttir og meiri hluti barnaheimilisnefndarinnar verði ásátt um það. En eftir það, er Sesselja hefur látið af forstöðu, þá þarf til breytinga afl atkvæða stjórnarnefndar stofnunarinnar og samþykki prestastefnu. Eigi má breyta 2. gr. og 10. gr. skipulagsskrárinnar, nema samþykki Félagsmálaráðuneytisins komi til.

12. gr.

Leita skal staðestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Guðmundur Einarsson.

Sesselja H. Sigmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 30 4. apríl 1962, um Landsbanka Íslands.

1. gr.

Aftan við 62. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Kvittanir undirritaðar af gjaldkera einum eru fullgildar, ef fjárhæðin er stimpluð á þær í þar til gerðri gjaldkeravél.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 11 29. marz 1961, um Landsbanka Íslands, öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 11. júní 1964.

Gylfi P. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.